


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2023

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til sóttvarnarlaga.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til sóttvarnarlaga

153. löggjafarþing 2022-2023
Þingskjal 671 – 529. mál

I. Inngangur

Rauði krossinn á Íslandi sinnir stoðhlutverki við stjórnvöld, sbr. lög nr. 115/2014 og hefur verið aðili að hjálparliði almannafrá árinu 1974, samkvæmt formlegu samkomulagi sem staðfest var í lögum um almannavarnir nr. 82/2008. Rauði krossinn er sá viðbragðsaðili sem er jafnan lengst að störfum þegar alvarlegir atburðir verða í samfélaginu. Félagið bregst við á neyðarstigi og kemur einnig að endurreisnarstarfi í kjölfar jarðskjálfta, snjóflóða og eldgosa hér á landi.

Rauði krossinn á Íslandi sinnti veigamiklu hlutverki í aðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldurs Covid-19 og tók þátt í viðbragðsáætlun almannafrá. Hafði Rauði krossinn t.a.m. umsjón með farsóttarhúsum og sóttvarnarhótelum, auk þess sem Hjálparsíminn 1717 gegndi mikilvægu hlutverki. Þrátt fyrir að hvergi sé minnst á félagið í frumvarpi þessu vill Rauði krossinn á Íslandi gera eftirfarandi athugasemdir, vegna reynslu sinnar og aðkomu að aðgerðum vegna heimsfaraldursins.

II. Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

16. tl. 4. gr.

Í töluliðnum er leitast við að skýra hugtakið sóttvarnarhús. Rauði krossinn vill vekja athygli á orðalaginu „vill ekki einangra sig í húsnæði á eigin vegum“ en félagið telur það vera nokkuð opið. Ljóst er að illframtakmætanlegt er að taka á móti öllum þeim sem ekki vilja einangra sig á eigin heimili í sóttvarnarhúsi, hvort sem það er rekið af Rauða krossinum eða öðrum aðilum. Beinir félagið því til nefndarinnar að skilgreina betur þær ástæður sem aðili getur borið fyrir sig til að einangra sig utan heimilis, í sóttvarnarhúsi.

14. gr.

Í ákvæðinu er stefnt að því að lögfesta svokallað heimsóknarbann heilbrigðisstofnana til að verjast smitsjúkdómum. Samkvæmt ákvæðinu skal bannið að hámarki gilda í fjórar vikur. Rauði krossinn á Íslandi vill leggja áherslu á í þessu samhengi að litið sé á heilsu og velferð í víðara samhengi þar sem um er að ræða geðheilsu, líkamlegt heilbrigði og félagslega heilsu. Mikilvægt má telja að litið sé á heilbrigði heilðrænt og þau sjónarmið séu einnig til grundvallar þegar ákvarðanir eru teknar varðandi sóttvarnartakmarkanir, svo sem hvað varðar lengd einangrunar, sóttkvíar, heimsóknarbönn, fjöldatakmarkanir og þess háttar vegna áhrifa þeirra á ofangreinda þætti.



22. gr.

Ákvæðið snýr að ákvörðun um frelsissviptingu en þar segir að hafi einstaklingur fallist á samstarf um að fylgja reglum um einangrun eða sóttkví en í ljós kemur að hann hefur ekki fylgt þeim getur sóttvarnarlæknir ákveðið að hann skuli settur í sóttkví eða einangrun á sjúkrahúsi eða í sóttvarnahúsi eða gripið til annarra viðeigandi aðgerða. Rauði krossinn telur mikilvægt að orðalagið „gripið til annarra viðeigandi aðgerða” verði gert skýrara. Þá sé jafnframt nauðsynlegt að koma upp skýru verklagi um hvernig aðilar sem ekki eru eiginlegir löggæsluaðilar geta brugðist við slíkum aðstæðum. Telur Rauði krossinn sig ekki vera bærán aðila til að framfylgja ákvörðun um frelsissviptingu að óbreyttu.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru reiðubúnir að gera nánari grein fyrir athugasemdum félagsins sé þess óskað.

